



Félagsmálaráðuneytið
Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra
Skógarhlíð 6
105 REYKJAVÍK

Stofnframlög - þörf á auknu fjármagni

Reykjavíkurborg hefur sett fram aðgerðaáætlun til viðspyrnu vegna Covid-19 sem felur m.a. í sér aukna fjárfestingu og flýtingu framkvæmda. Átak í uppbyggingu fjölbreytts og hagkvæms húsnæðis er meðal aðgerða sem borgin leggur áherslu á og styður eindregið að ráðist verði í.

Í fjármálaáætlun ríkisins fyrir árin 2020-2024 (5 ár) er gert ráð fyrir því að fyrstu þrjú árin (fyrst 2020) verði 2,1 ma.kr. bætt við grunnfjárhæð stofnframlaga sem verði í heild um 3,7 ma.kr. hvert ár á tímabilinu. Árið 2019 var bætt við fjármagni í stofnframlög en þá voru liðlega 3 ma.kr. til úthlutunar. Ljóst er að þessi mikilvæga hækkun fjárhæða mætir þó hvergi nærri eftirspurn. Í fyrra bárust umsóknir um stofnframlög að fjárhæð liðlega 6 ma.kr. til ríkisins eða nærri tvöfalt það sem til úthlutunar var. Í ár vantar u.þ.b. 2 ma.kr. upp á til að mæta eftirspurn. Það væri mjög jákvætt fyrir húsnæðismarkað og framkvæmdastig um land allt ef það sem upp á vantar yrði fjármagnað. Reykjavíkurborg hvetur eindregið til þess að það verði gert.

Núverandi staða:

Regluverk ríkisins gerir ráð fyrir því að 2/3 hlutar þess fjármagns sem til úthlutunar er sé eyrnamerkt félögum sem sinna tekjulágum á vinnumarkaði. Bjarg íbúðafélag er eini umsækjandinn frá upphafi sem fellur undir þá skilgreiningu. Umsóknir Bjargs hafa því verið samþykktar og gengið eftir. Mikilvægt er að svo verði áfram.


Regluverkið gerir einnig ráð fyrir því að fjórðungur (25%) þess fjármagns sem til úthlutunar er sé eyrnamerkt félagslegu húsnæði í eigu sveitarfélaga. Undir þá skilgreiningu falla meðal annars Félagsbústaðir hf sem eru í 100% eigu Reykjavíkurborgar. Miðað við fyrirliggjandi fjárhæðir standa vonir til að áætlanir Félagsbústaða um kaup og uppbyggingu gangi eftir. Það er að sönnu mikilvægt.

Að því gefnu að þeir forgangsflokkar sem að framan eru nefndir séu að fullu nýttir er aðeins 8,3% eftir til annarra verkefna. Í þeim flokki stefnir í að fjölda umsókna verði hafnað af hálfu ríkisins þrátt fyrir að verkefnin séu tilbúin til framkvæmda, hafi verið samþykkt af borgarinnar hálfu og að þau séu metin mikilvæg. Í þennan flokk falla m.a. námsmannaíbúðir (Háskólinn í Reykjavík og Byggingarfélag námsmanna), leiguíbúðir fyrir aldraða (Leigufél. aldr. hses sem er á vegum Félags eldri borgara í Reykjavík) og eins leiguíbúðir fyrir öryrkja (Brynja leigufél. ÖBÍ).

Reykjavíkurborg vill hvetja til þess að ráðherra leggi til hækkun stofnframlaga af þessum sökum. Bæði með hliðsjón af jákvæðum áhrifum þessara verkefna á húsnæðismarkaðinn en jafnframt með hliðsjón af jákvæðum áhrifum þessara verkefna á framkvæmdastig og

fjárfestingu í landinu. Umfang viðbótarinnar er rétt að meta nánar. Að mati borgarinnar er sýnt að í það minnsta 1,5 – 2 ma.kr. þarf til viðbótar árlega næstu þrjú árin til að anna eftirspurn eftir stofnframlögum eða 5,2 – 5,7 ma.kr. í heild. Til viðbótar þessu væri rétt að efna til átaks um byggingar 1.000-1.500 íbúða til viðbótar þeim sem fyrirhugaðar eru til að mæta mikilli eftirspurn eftir húsnæði á viðráðanlegu verði fyrir vinnandi fólk, stúdenta og eldri borgara og fá í leiðinni heilbrigðari húsnæðismarkað og kærkomna innspýtingu í fjárfestingu og atvinnulíf.

Virðingarfyllst



Dagur B. Eggertsson